



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 50/2014

Notkun á heitinu Gengismál og léninu gengismal.is

I.

Erindið

Með bréfi JSÓ lögmanna slf., dags. 23. apríl 2014, barst Neytendastofu kvörtun vegna notkunar Gengismála ehf. á vörumerkinu Gengismál og á léninu gengismal.is. Í bréfinu er þess krafist að Gengismálum verði bönnuð öll notkun á vörumerkinu Gengismál og léninu gengismal.is og gert að afskrá það, auk þess sem Gengismálum verði gert að hætta kynningar- og markaðsstarfsemi undir formerkjum heitisins. Þá er þess krafist að lagðar verði sektir á Gengismál verði ekki farið að banninu.

Í bréfinu kemur fram að JSÓ lögmenn hafi haldið úti heimasíðunni www.gengislan.is frá október 2013 og að félagið hafi nánast alfarið sérhæft sig í málum er varði ólögmet gengistryggð lán. Heiti fyrirtækisins, gengislan.is, sé orðið mjög þekkt og jafnframt orðið vörumerki. Félagið hafi náð mjög sterkri stöðu á markaði og sé með fjölda viðskiptavina.

JSÓ lögmenn telji að vörumerkjaréttur hafi skapast fyrir notkun, sbr. 2. tölulið 3. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki. Fyrirtækið hafi staðið í auglýsingaherferðum á netmiðlum í þeim tilgangi að afla fyrirtækinu markaðsfestu og gera vörumerkið almennt þekkt á tilteknu sviði viðskipta hér á landi. Ljóst verði að telja að Gengismál hafi haft vitneskju um vörumerkið og verði ekki annað séð en að tilgangur Gengismála sé að villa um fyrir viðskiptavinum með því að bjóða þjónustu undir nafninu Gengismál á heimasíðunni gengismal.is.

Í bréfinu vísa JSÓ lögmenn til 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Augljós ruglingshætta sé fyrir hendi enda sé eini munurinn á vörumerkjunum sá að í stað orðsins lán sé notað orðið mál. Tilvitnuðu ákvæði sé einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Vörumerkjaréttur geti skapast fyrir skráningu eða notkun og þegar eigandi öðlist einkarétt til nafns sé öðrum óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Mikilvægt sé að hafa í huga að neytendur tali jöfnum höndum um gengismál og gengislán. Fjölmiðlar tali um gengismálin þegar rætt sé um þau mál sem hafi verið höfðuð fyrir dómstólum í því skyni að kanna lögmæti gengistryggðra lána. Samsett orð



sem ein og sér skorti sérkenni geti sem slík haft nægjanlegt sérkenni til að njóta verndar, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2013. Telja verði að þjónusta undir heitinu gengislan.is eigi að njóta verndar, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 19/2013.

JSÓ lögmenn hafi haldið úti léninu gengislan.is frá 14. september 2013. Lánið gengismal.is hafi ekki verið skráð fyrir en rúmlega hálfu ári síðar eða þann 20. mars 2014. Hvorugt fyrirtækjanna hafi hins vegar skráð nafnið hjá Einkaleyfastofu. Skráning léna nægi til þess að 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 komi til skoðunar, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2013.

Gengismál ehf. hafi verið stofnað þann 28. apríl 2014 en JSÓ lögmenn hafi verið stofnað í september 2013 á sama tíma og lénið gengislan.is hafi verið skráð. Gengismál hafi starfrækt þjónustu sína síðan um mánaðarmótin mars/apríl 2014 en hafi eingöngu verið skráð í fyrirtækjaskrá eftir að fyrirsvarsmenn JSÓ lögmanna hafi óskað eftir upplýsingum um rekstur félagsins undir lok aprílmánaðar 2014.

Í bréfinu kemur fram að JSÓ lögmenn telji að Gengismál og JSÓ lögmenn veiti sambærilega þjónustu og séu í samkeppni. Þetta sé lykilatriði þegar komi að ákvörðun um lögmæti notkunar á vörumerkinu Gengismál og á léninu gengismal.is, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2013. Við mat á ruglingshættu sé litið til þess hvort málsaðilar séu keppinautar og hvort þeir séu á sama markaðssvæði.

JSÓ lögmenn lýsi þjónustu sinni á heimasíðunni gengislan.is með þeim hætti að félagið endurreikni gengistryggð lán, krefji lánastofnanir um viðurkenningu á réttri stöðu lána og þvingi fram rétta niðurstöðu fyrir dómi eða fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Gengismál lýsi þjónustu sinni á heimasíðu sinni þannig að félagið leggi mat á hvort gengistrygging samnings sé lögleg eða ólögleg út frá fyrirbyggjandi réttarheimildum, endurreikni ólögleg gengistryggð lán út frá dómafordæmum Hæstaréttar, fari yfir endurútreikninga sem sendir hafi verið lánastofnunum og kanni hvort þeir séu réttir, sendi kröfubréf til lánastofnana og krefji um leiðréttingu láns á grundvelli útreikninga. Jafnframt segi á heimasíðu Gengismála að ef lánastofnun bregðist ekki við kröfubréfi um leiðréttingu lána, þá ráðleggi sérfræðingar Gengismála um næstu skref. Þá segir að Gengismál sé í samstarfi við Íslensku lögfræðistofuna. Þar sé að finna fjölda lögmanna og því megi gera ráð fyrir að átt sé við að lögmenn þeirrar stofu höfði annað hvort mál fyrir dómi eða sendi kvörtun til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, líkt og JSÓ lögmenn geri fyrir sína skjólstæðinga, sé þess þörf. Þannig sé ljóst að JSÓ lögmenn og Gengismál séu í samkeppni.

JSÓ lögmenn séu staðsettir í Reykjavík og Gengismál reki starfsstöð sína í Kópavogi. Megi því fullyrða að um sama markaðssvæði sé að ræða, sbr. rökstuðning í ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2013. Gera megi ráð fyrir að fyrirtæki sem staðsett sé í Kópavogi annars vegar og Reykjavík hins vegar séu á sama markaðssvæði enda nálægð mikil og samgöngur hraðar. JSÓ lögmenn þurfi ekki að sæta því að keppinautar á sama markaðssvæði notist við sama heiti við



kynningu á sömu þjónustu. Ófært sé að aðilar í beinni samkeppni notist við sama heiti á heimasíðum sínum.

Hvorki Gengismál né JSÓ lögmenn hafi skráð myndmerki sín hjá Einkaleyfastofu. Í ljósi þess sem að framan greini um ruglingshættu þá renni það enn frekari stoðum undir rökstuðning JSÓ lögmanna að myndmerki félaganna séu lík. Vörumerkið gengislan.is sé með hvítum stöfum á bláum grunni og það sama eigi við um gengismal.is eða Gengismál.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi JSÓ lögmanna var sent Gengismálum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. maí 2014. Svar Gengismála barst með bréfi, dags. 10. júní 2014. Í bréfinu er því mótmælt að JSÓ lögmenn hafi öðlast vörumerkjarétt á heitinu Gengislán enda liggi ekkert fyrir um slíkt í málinu. Almennt sé réttur eiganda vörumerkja sem innihaldi almenn orð mjög takmarkaður. Í því samhengi bendi Gengismál á að til þess að öðlast vörumerkjarétt, sbr. 3. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki, verði annað hvort að skrá vörumerki eða sýna fram á notkun þess. Skilyrði skráningar vörumerkis sé að merkið sé til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra, sbr. 13. gr. laganna. Í greinargerð með lögunum komi jafnframt fram að við mat á því hvort merki eða orð séu hæf til skráningar skuli taka með í reikninginn að það geti ekki talist réttmætt að einstakir aðilar geti helgað sér almennar lýsingar á vöru enda myndi slíkt takmarka svigrúm annarra til þess að gera grein fyrir vöru sinni.

Gengismál telji að þau orð sem notuð séu í vörumerkjum og lénum gengislan.is og gengismal.is séu svo almenn og lýsandi fyrir viðkomandi þjónustu að þau hafi ekki nægilegt sérkenni til að hljóta skráningu sem vörumerki skv. 13. gr. laga nr. 45/1997. Slíkt almenn orð geti því heldur ekki notið einkaréttar og því sé hverjum sem er heimilt að nota þau í vörumerki sínu. Þess beri að geta að þegar Gengismál hafi leitað til Einkaleyfastofu í því skyni að fá vörumerki sitt skráð í byrjun árs 2014 hafi því verið tjáð að orðið gengismál væri of almennt og yrði því synjað um skráningu. Líklegast yrði að teljast að JSÓ lögmenn hafi fengið sambærilegt svar í ljósi þess að gengislan.is sé ekki skráð vörumerki hjá Einkaleyfastofu.

Gengismál telji að 2. tl. 3. gr. laga nr. 45/1997 sem kveði á um að vörumerkjaréttur geti stofnast með notkun, eigi ekki við í málinu þar sem meginreglan sé sú að vörumerki sem ekki teljist uppfylla skilyrði laganna um skráningu geti heldur ekki skapað vörumerkjarétt með notkun, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Hið sama eigi við um undantekningarreglu síðari másl. 2. mgr. 3. gr. laganna um að vörumerki sem teljist ekki uppfylla skilyrði laganna um sérkenni við upphaf notkunar, geti skapað vörumerkjarétt ef merkið öðlast sérkenni við notkun enda



hafi lénið gengislan.is aðeins verið skráð fyrir níu mánuðum. Þessu til stuðnings sé vísað til dóms Hæstaréttar nr. 497/2011.

Gengismál byggi einnig á því að fyrirtæki sem velji almenn orð til auðkenningar á starfsemi sinni verði að hlíta því að keppinautar noti sömu eða lík orð í auðkennum sínum, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 50/2011 og nr. 2/2010. Af bréfi JSÓ lögmanna sé ljóst að félagið byggi kröfu sína m.a. á 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Við túlkun ákvæðisins telji Gengismál rétt að líta til þess hvernig Neytendastofa hafi beitt ákvæðinu í sambærilegum tilvikum. Af ákvörðunum Neytendastofu og úrskurðum áfrýjunarnefndar neytendamála sé ljóst að eftirfarandi meginreglur séu lagðar til grundvallar.

Við mat á því hvort brotið hafi verið gegn ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 skuli litið til svipaðra sjónarmiða og gert er í vörumerkjarétti, sbr. úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í málum nr. 9/2010 og nr. 1/2011. Með dómi héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-598/2011, hafi því verið slegið föstu að sé komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn vörumerkjarétti geti ekki verið um það að ræða að brotið hafi verið gegn 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 hvað ruglingshættu varðar. Samkvæmt því sé ljóst að stjórnvöld og dómstólar hafi slegið því föstu að til þess að til álita geti komið að brotið hafi verið gegn ákvæðinu þurfi fyrst að koma til þess að brotið hafi verið á vörumerkjarétti. Það þýði jafnframt að firmaheitið verði að uppfylla skilyrði vörumerkjaréttar.

Í framkvæmd hafi þurft að sýna fram á fullnægjandi notkun á vörumerki til að öðlast vernd. Við mat á þessu hafi verið gerð krafa um að notkunin sé umtalsverð og til margra ára. Þá sé það skilyrði að notkun feli í sér að nafnið hafi verið notað í markaðssetningu og/eða að nafnið sé vel þekkt á markaði. Gengismál byggi á því að JSÓ lögmenn hafi ekki sýnt fram á slíka notkun. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 186/1934 hafi rétturinn lagt til grundvallar, við skýringu ákvæðis 9. gr. laga nr. 84/1933 (sem sé í nánast óbreyttri mynd núgildandi ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005), að sá sem beri fyrir sig betri rétt þurfi að sýna fram á notkun um alllangt skeið. Jafnvel þótt JSÓ lögmenn geti sýnt fram á einhvers konar notkun, byggi Gengismál á því að sú notkun uppfylli ekki þær kröfur sem aðilum sé gert að uppfylla í málum sem þessum. JSÓ lögmenn hafi t.a.m. ekki lagt fram nein gögn um markaðssetningu eða kynningu á heiti vörumerkisins. Þá sé ljóst að bein notkun JSÓ lögmanna á vörumerki sínu hafi í mesta lagi staðið yfir í um níu mánuði.

Í ákvörðunum Neytendastofu og úrskurðum áfrýjunarnefndar neytendamála sé ljóst að sá sem byggi á því að eiga betri rétt þurfi að sýna fram á áralanga notkun. Bendi Gengismál í dæmaskyni á úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 9/2010 en þar taki áfrýjunarnefndin það sérstaklega fram að tiltekið lén hafi verið í fullri notkun frá árinu 1997 en lén gagnaðila hafi verið stofnað árið 2009. Þá taki nefndin sérstaklega fram að félagið í því máli hafi verið í fullri starfsemi frá þeim degi og hafi skapað sér markaðsfestu og að heimasíða félagsins hafi verið mikið notuð og orðin þekkt hér á landi. Þá segi Neytendastofa einnig í ummælum sínum í málinu að þar sem kvartandi hafi notað lén sitt í tæp tólf ár þegar



kærandi hafi fengið lén sitt skráð þá telji Neytendastofa kvartanda njóta betri réttar til lénsins. Samkvæmt þessu telji Gengismál skilyrði um fullnægjandi notkun ekki uppfyllt í málinu.

Gengismál bendi á að kvartandi verði að sýna fram á að verið sé að tengja sig vörumerki og nýta sér viðskiptavild hans. Dómstólar hafi lagt til grundvallar hvort verið sé að tengja óskylda aðila saman með notkun á firmaheitum, þannig að sá sem síðar komi á markað nýti sé viðskiptavild þess sem fyrir hafi verið, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 129/2012. Gengismál byggi á því að JSÓ lögmenn hafi ekki sýnt fram á sérstaka viðskiptavild sína tengda nafninu gengislan.is, né að Gengismál hafi spillt eða nýtt sér þá viðskiptavild.

Þá verði firmaheiti/vörumerki að vera aðgreint frá keppinautum á markaði. Að mati Gengismála sé vörumerkið sem JSÓ lögmenn telji sig eiga rétt á, svo almennt að þeir geti ekki byggt einkarétt á því. JSÓ lögmenn sem völdu almennt orð til auðkennis starfsemi sinni, verði að hlíta því að keppinautar noti lík orð í auðkennum sínum. Dómstólar og eftirlitsstjórnvöld hafi ítrekað staðfest að orð sem séu algeng í íslensku máli eða í viðskiptum, séu almenns eðlis eða ekki til þess fallin að greina þjónustu firmaheitis eða vörumerkja frá þjónustu annarra, geti ekki orðið grundvöllur einkaréttar þess sem noti þau í firmaheiti eða vörumerki sínu. Þannig geti slíkir aðilar ekki staðið í vegi fyrir því að aðrir noti sömu eða sambærileg orð í firmaheitum sínum eða vörumerkjum. Gengismál byggi á því að þessi sjónarmið eigi við í þessu máli. Í dæmaskyni sé vísað til dóma Hæstaréttar í málum nr. 447/2005 og nr. 129/2012, ákvörðunar Neytendastofu í máli nr. 50/2011, úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 9/2010 og nr. 1/2011 og álits Umboðsmanns Alþingis nr. 3235/2001.

Með vísan til þessa telji Gengismál að því fari fjarri að JSÓ lögmenn hafi sýnt fram á að brotið hafi verið gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Gengismál mótmæli öllum málsástæðum og lagarökum sem fram hafi komið í kvörtun JSÓ lögmanna.

2.

Bréf Gengismála var sent JSÓ lögmönnum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 16. júní 2014. Ekkert svar barst Neytendastofu innan tilskilins frests. Með bréfi 8. júlí 2014 ítrekaði Neytendastofa beiðni um skýringar eða athugasemdir frá JSÓ lögmönnum. Ekkert svar barst Neytendastofu innan tilskilins frests. Með bréfi Neytendastofu, dags. 26. ágúst 2014 var aðilum tilkynnt um að gagnaöflum málsins væri lokið og að það yrði nú tekið til ákvörðunar Neytendastofu. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvarta JSÓ lögmenn yfir notkun Gengismála á heitinu Gengismál til auðkenningar á fyrirtæki sínu og léninu gengislan.is. Í athugasemdum JSÓ lögmanna kemur



fram að félagið hafi öðlast vörumerkjarétt yfir heitinu Gengislán og einkarétt til lénsins gengislan.is. Fyrirtækin séu keppinautar á sama markaðssvæði og noti lík heiti til auðkenningar sem valdi ruglingshættu. Telja JSÓ lögmenn að notkun á auðkenninu Gengismál og gengislan.is brjóti gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Gengismál hafnar því að ruglingshætta sé með auðkenninum. Auðkenni JSÓ lögmanna sé of almennt og lýsandi fyrir þjónustuna og skorti nægilegt sérkenni svo félagið geti byggt einkarétt á því. Þá uppfylli auðkennið ekki skilyrði vörumerkjaréttar. Telur Gengismál að JSÓ lögmenn hafi ekki sýnt fram á fullnægjandi markaðsfestu eða notkun auðkennisins auk þess sem ekki hafi verið sýnt fram á spillingu viðskiptavildar.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist.



Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður. Við mat á ruglingshættu er einnig litið til þess hvort fyrirtækin starfi á sama markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi.

Rétthafi lénsins gengislan.is er Jóhannes Stefán Ólafsson hdl., einn af félagsmönnum JSÓ lögmanna og var lénnafnið skráð hjá ISNIC þann 14. september 2013. Lénið og heitið Gengislán er notað af JSÓ lögmönnum til auðkenningar og markaðssetningar á þjónustu félagsins. Rétthafi lénsins gengismal.is er Páll Vignir Jónsson, Arnarsmára 22, Kópavogi og var það skráð þann 20. mars 2014. Lénið og heitið Gengismál er notað af Gengismálum til auðkenningar og markaðssetningar á þjónustu félagsins. Hvorum aðila um sig hefur verið veittur réttur til notkunar á umræddum lénum af réttihöfum þeirra og eru lénin notuð til auðkenningar starfsemi aðila. Gengismál hefur frá 28. mars 2014 haft skráð firmanafnið Gengismál ehf. og hefur notað það síðan þá til auðkenningar og markaðssetningar á þjónustu félagsins. JSÓ lögmenn hafa notað heitið Gengislán til auðkenningar og markaðssetningar á þjónustu félagsins frá október 2013. Að mati Neytendastofu hefur því hvor aðili rétt til auðkenna sinna.

4.

Bæði JSÓ lögmenn og Gengismál eru fyrirtæki í rekstri tengdum lögfræðiráðgjöf vegna gengistryggðra lána. Telur Neytendastofa ljóst að fyrirtækin eru keppinautar.

Neytendastofa telur að orðin gengislán og gengismál séu almenn orð sem hafi augljósa skírskotun til þeirrar þjónustu sem fyrirtækin bjóða upp á. Hljóðlíking orðanna er svipuð en ekki alger. Bæði orðin eru og hafa verið áberandi í opinberri umræðu er tengist úrlausn lögfræðilegra álitaefna vegna gengistryggðra lána. Vísar orðið gengislán til láns sem er gengistryggt en orðið gengismál til málarekstrar eða máls sem tengist gengistryggðu láni.

Þrátt fyrir að JSÓ lögmenn hafi notað heitið gengislán og lénið gengislan.is í eitt ár til auðkenningar á fyrirtæki sínu og starfsemi þess fær Neytendastofa ekki séð að hægt sé að banna öðrum sem bjóða upp á áþekka þjónustu notkun heitis sem svipar til auðkenna sem JSÓ lögmenn nota. Orðin gengislán og gengismál eru lýsandi og vekja skýra hugmynd hjá hinum almenna neytanda um eiginleika þeirrar þjónustu sem boðið er upp á.

Þessi almenna skírskotun gerir það að verkum að JSÓ lögmenn verða að hlíta því að önnur fyrirtæki sem hafa slíka þjónustu með hendi noti heitið gengismál til auðkenningar á fyrirtæki sínu og starfsemi. Þá liggur ekkert fyrir í málinu um að villst hafi verið á fyrirtækjunum.



Telur Neytendastofa að notkun Gengismála á firmaheitinu Gengismál og lénnafninu gengismal.is feli ekki í sér brot gegn 5. gr. eða 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 11. nóvember 2014

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir